



Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
b/t verkefnisstjórnar um rammaáætlun, Herdísar Schopka
Skuggasundi 1
IS-150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03.08.2016
Tilvísun vor: 07.08

Efni: Athugasemd við tillögu að flokkun R3302A Blöndulundur

Með auglýsingu, dagsettri þann 11. maí 2016, óskaði verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar eftir athugasemnum við tillögu að flokkun virkjunarkosta eigi síðar en 3. ágúst 2016. Samkvæmt tillögunni leggur verkefnisstjórnin til að Blöndulundi verði raðað í nýtingarflokk.

Helstu rök verkefnisstjórnar fyrir flokkun virkjunarkostsins í orkunýtingarflokk eru:

- *Lágar einkunnir faghópa 1 og 2*
- *Fáar ábendingar um sérstakt mikilvægi*

Landsvirkjun lýsir ánægju sinni með að Blöndulundur raðist í orkunýtingarflokk en vill jafnframt gera eftirfarandi athugasemdir.

Áhrifasvæði vindlundar

Í kafla 4.2.1 í Rammaáætlun, bls. 33 kemur eftirfarandi fram um afmörkun landsvæða m.t.t. vindorku:

„Afmörkun vindorkusvæða byggðist fyrst og fremst á sjónrænum atriðum, og miðað var við landsvæði sem afmarkaðist af 25 km radíus út frá staðsetningu virkjunarkosts.“

Engar frekari útskýringar eru á þessari afmörkun og ástæðu þess að áhrifasvæðið er afmarkað þetta stórt. Það að skilgreina áhrifasvæði eins umfangsmikið og raun ber vitni hefur í för með sér að áhrif eru metin víðtækari en ástæða er til. Eins og tekið er fram í Rammaáætlun byggir þessi afmörkun fyrst og fremst á sjónrænum atriðum. Má þannig gera ráð fyrir að átt sé við sjónræn áhrif, eða sýnileika vindmylla innan vindlundar. Frumgreining á sýnileika Blöndulundar fylgdi með skýrslu um „**Tilhögun virkjunarkosts R3302**“ og var send Orkustofnun í mars 2015. Sú skýrsla var send áfram á verkefnastjórn og hefði mátt nota við ákvörðun á áhrifasvæði Blöndulundar.

Áhrif Blöndulundar á fiska og smádýr í vatni

Í viðauka 3, í Rammaáætlun, bls 240 er því haldið fram að Blöndulundur geti haft áhrif á fiska og smádýr vegna rasks á framkvæmdartíma. Landsvirkjun bendir á að ekki er fyrirhugað að staðsetja vindmyllur í vatni, né lækjum innan skilgreinds rannsóknarsvæðis Blöndulundar og ætti því ekki að hafa áhrif á fiska eða smádýr í vatni hvort á framkvæmdané rekstrartíma vindlundarins.

Virðingarfyllst

Ól. G.D. Sveinson
Óli Grétar Blöndal Sveinson
framkvæmdastjóri

Jón Ingimarsson —
Jón Ingimarsson
forstöðumaður